

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Viðskiptaráðuneytið vekur athygli á því að á grundvelli laga nr. 81/1985 um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, sbr. 11. gr. þeirra, hefur verið ákveðið að eftirfarandi flutningsjöfnunargjald sé tekið af hverjum lítra neðangreindra olíuvara og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara:

Bifreiðabensín	1,00 kr.
gasolía	0,95 kr.
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00 kr.
flugvélabensín	3,00 kr.
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu innflytjendur samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

*Viðskiptaráðuneytið, 29. ágúst 1994.*

F. h. r.

**Jón Ögmundur Þormóðsson.**

---

*Atli Freyr Guðmundsson.*